

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

STAFN – Styrktarsjóð Brynju Einarsdóttur og Arnar Almarssonar

1. grein

Nafn sjóðs, heimili og varnarþing

Sjóðurinn heitir STAFN – Styrktarsjóður Brynju Einarsdóttur og Arnar Almarssonar, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Sjóðurinn er í umsjá og vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands og fellur undir sjóði sem eru í fjárvörslu þeirra.

Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. grein

Tilgangur og markmið sjóðsins

Markmið sjóðsins er að stuðla að menntun og víðsýni efnilegs námsfólks í raungreinum, heilbrigðisvísindum, verkfræði og tölvugreinum, s.s. gervigreind og lífupplýsingafræði. Einkum er litið á umsóknir sem tengjast heilsu, líftækni og lyfjaþróun á einhvern hátt.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til íslenskra nemenda við og frá Háskóla Íslands sem eru í framhaldsnámi, meistarastigi eða hærri stigum – hér heima eða erlendis, og tengja saman greinar í vinnu sinni, t.d. rannsaka líffræðilega ferla með tölvulíkönum og aðferðafræði gervigreindar.

Sjóðnum er ætlað að efla samvinnu milli námssviða og hvetja námsfólk til víðrar hugsunar á milli tæknisviða og greina.

Styrkir skulu veittir til tveggja einstaklinga/verkefna á ári hverju í samræmi við markmið sjóðsins.

3. grein

Stofnframlag og tekjur sjóðsins

Stofnframlag sjóðsins er kr. 50.000.000, sem er gjöf Brynju Einarsdóttur og Arnar Almarssonar.

Aðrar tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins, s.s. frjáls framlög einstaklinga, félagasamtaka eða fyrirtækja auk fjármagnstekna af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og frekari framlögum, hvort sem er frá stofnaðilum eða öðrum þeim sem vilja veita markmiðum hans brautargengi skv. 2. gr.

Heimilt er að veita árlega samtals allt að 4.000.000 kr. á verðlagi ársins 2023 þó að höfuðstóll skerðist við það.

4. grein

Stofnendur sjóðsins

Stofnendur sjóðsins eru Brynja Einarsdóttir, kt. 200770-2939, snyrtifræðingur, og Örn Almarsson, kt. 050267-4909, efnafraeðingur. Brynja og Örn eru hafnfirsk hjón, búsett í Bandaríkjunum, en með rætur og starfsemi á Íslandi. Örn útskrifaðist úr efnafraeði frá Háskóla Íslands árið 1988.

5. grein

Stjórn sjóðsins

Stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands kt. 571292-3199, sem skipuð er af háskólaráði í samræmi við reglur um varðveislu og ávöxtun eigna í umsjón Styrktarsjóða Háskóla Íslands, fer með stjórn sjóðsins. Stjórnin er skipuð þremur aðalmönnum og einum varamanni til þriggja ára í senn. Einn stjórnarmanna skal ekki vera starfsmaður Háskóla Íslands. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi. Háskólaráð ákveður hver gegni starfi formanns. Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins, fjársýslu og eftirlitshlutverk hans. Formaður stjórnar skal boða til stjórnarfunda sjóðsins. Stjórnin heldur fundargerðir og skilar þeim til umsjónarmanns Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

6. grein

Úthlutunarnefnd sjóðsins

Rektor Háskóla Íslands skipar úthlutunarnefnd þriggja aðila til þriggja ára í senn. Við skipun úthlutunarnefndar skal taka mið af tilgangi sjóðsins. Einn fulltrúi úthlutunarnefndar skal skipaður að fenginni tilnefningu stofnenda meðan þeir óska þess, en síðan án tilnefningar. Annar fulltrúi úthlutunarnefndar skal skipaður að fenginni tilnefningu forseta Verkfræði- og

náttúruvísindasviðs og skal sá hafa sérþekkingu á fræðum tengdum raunvísindum, verkfræði, líftækni og gervigreind. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs tilnefnir þriðja fulltrúa úthlutunarnefndar og skal sá hafa sérþekkingu á fræðum tengdum heilsuvísindum, lyfjafræði og lífvísindum. Úthlutunarnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Störf nefndarinnar/ráðsins eru ólaunuð.

Úthlutunarnefnd skiptir sjálf með sér verkum og velur sér formann og ritara. Hlutverk úthlutunarnefndar er að halda utan um úthlutanir úr sjóðnum og kynningarmál þeim tengd, í samstarfi við umsjónarmann Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Úthlutunarnefnd setur sér starfsreglur um úthlutanir, svo sem styrkfjárhæðir í samráði við stjórn sjóðsins, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulagsskrár. Starfsreglur sjóðsins skal endurskoða reglulega.

Úthlutunarnefnd úthlutar styrkjum á grundvelli auglýsingar. Úthlutunarnefnd tekur ákvörðun um styrkuppþæð og einstakar styrkveitingar í samráði við stjórn sjóðsins, að fenginni ráðgjöf frá sérfróðum aðilum ef þörf er á, í samræmi við starfsreglur. Við styrkveitingar skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins. Auglýsing eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum skal gerð á þann hátt að hún nái til sem flestra sem hún getur átt erindi við. Lögð skal áhersla á að auglýsa í þeim miðlum sem talið er hverju sinni að nái til viðkomandi hóps. Þetta skal gera á hverju ári. Öllum umsóknum skal svarað og umsækjendum skýrt frá úthlutun ársins. Úthlutunarnefnd kemur saman að minnsta kosti árlega.

Úthlutunarnefnd heldur fundargerðir og skilar þeim til umsjónarmanns Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

7. grein

Umsýsla og endurskoðun sjóðsins

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust og í samræmi við fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Reikningar sjóðsins skulu birtir með sama hætti og annarra sjóða í vörslu Háskóla Íslands.

8. grein

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður eða gera breytingar á hlutverki hans og tilgangi af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og í skipulagsskrá og ekki án þess að sjóðsstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun. Slíkt skal borið skriflega undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fjármunum hans varið í samræmi við markmið og tilgang sjóðsins í 2. grein skipulagsskrár þessarar.

9. grein

Staðfesting sýslumanns

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra skal leitað á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. janúar 2024.

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Brynja Einarsdóttir
stofnandi sjóðsins

Örn Almarsson
stofnandi sjóðsins

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.